

## 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1971.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**S A M Þ Y K K T****fyrir Veiðifélag Vestur-Eyfellinga.**

## 1. gr.

Félagið heiti Veiðifélag Vestur-Eyfellinga. Heimili þess og varnarþing er Vestur-Eyjafjallahreppur, Rangárvallasýslu.

## 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Rímhúsaál, Írá, Miðskálaá, Foss-læk, Kelduál, Fítarál, Hofsa og öðrum lækjum sem í vatnasvæðið falla, en þær eru: Varmahlíð, Vallatún, Ormskot, Holt, Efsta-Grund, Mið-Grund, Syðsta-Grund, Indriðakot, Hellnahóll, Efsta-Kot, Moldnúpur, Skálakot, Ásólfskáli, Björnskot, Rímhús, Yzti-Skáli I, Yzti-Skáli II, Yzti-Skáli III, Yzti-Skáli IV, Mið-Skáli I, Mið-Skáli II, Mið-Skáli III, Núpur I, Núpur II, Núpur III, Hvammur, Sauðhúsvöllur, Fit, Fitjamýri, Seljaland, Eystra-Seljaland, Ytra-Seljaland og Seljalandssel.

## 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

## 4. gr.

Félagið er bundið þeim fyrirvara, að ef veiðifélag yrði stofnað um allt vatnasvæði Holtóss, yrði þetta félag hluti þess félags.

## 5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn og skipta sjálfir með sér verkum. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, hinir meðstjórnarmenn með hlutkesti á sitt hvoru ári, og síðan með sömu röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, hlutkesti ráði, og hinir hitt árið.

**6. gr.**

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veititíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

**7. gr.**

Aðalfund skal halda í marz mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

**8. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

**9. gr.**

Arði af sameininlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagmenn greiði gjöld í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

**10. gr.**

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1971.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**VIÐAUKI**

**við byggingarsamþykkt Skorradalshrepps.**

**I. KAFLI****Um sumarbústaði.****1. gr.**

Sumarbústaður skv. samþykkt þessari, er hús, sem aðeins er ætlað til samfelldrar dvalar að sumri til, en á öðrum tímum árs aðeins endrum og eins, einkum um helgar.

**2. gr.**

Reisa má sumarbústaði á þeim svæðum í hreppnum, þar sem slíkt er ákveðið í aðalskipulagi, svo og á þeim svæðum öðrum, þar sem hreppsnefnd og skipulagsstjórn ríkisins samþykkja.